



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 7. Desember 2021 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Fylkir Jónsson (FJ), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Aron Steinn Guðmundsson (ASG)

HKS ritaði fundargerð.

1. RIG

Reykjavíkur International Games verða haldnir dagana 28. janúar - 6. febrúar. Stjórn AKÍS hefur tekið ákvörðun um að taka þátt í leikunum í þriðja sinn. AKÍS er með skráðan viðburð þann 4. febrúar frá kl 17:00 - 19:00 í hermiakstri. Unnið verður að því að flétta viðburðinn inn í vinnu í tengslum við afreksstefnu AKÍS þar sem líklega verður um keppni milli landa að ræða. Hægt er að sjá nánar um viðburðinn á <https://www.rig.is/>

2. Fjármál

Formaður fór lauslega yfir fjárhagsstöðu sambandsins til upplýsingar um stöðu mála fyrir stjórnina nú þegar líður að áramótum.

3. Reglur til staðfestingar

Keppnisgreinareglur fyrir komandi keppnistímabil hafa verið sendar stjórnar til staðfestingar fyrir flestar greinar. Enn eru til umfjöllunar í regluráði eða hjá keppnisráðum reglur fyrir Rallycross og Hermikappakstur. Unnið er að því að þær verði staðfestar og birtar sem fyrst. Formaður mun annast birtingu þeirra reglna sem staðfestar voru á þessum fundi.

4. Mæting á formannafund

Stjórn lýsir vonbrigðum með mætingu formanna á síðasta formannafund. Stjórn veltir fyrir sér hvað orsakaði fjarveru þeirra formanna sem ekki mættu. Stjórn felur formanni að hafa samband við formenn aðildarfélaga að kanna ástæður þessa.

5. Niðurstaða úr kosningu Akstursíþróttafólks ársins

Stjórn er upplýst um niðurstöðu kosningar.



6. Önnur mál

NEZ Rallyráð - Rætt var um að AKÍŠ setji á heimasíðuna hjá sér yfirlýsingu um að erlendir keppendur geti tekið þátt í keppnum héraendis ef þeir uppfylla tæknilegar reglur hvarrar keppnisgreinar. Einnig að íslenskir keppendur geta tekið þátt í erlendri keppni á sínu keppnistæki. Íslenskir keppendur geta farið erlendis að keppa með

Næsti fundur 4. janúar á Zoom kl. 19:30

Fundi slitið kl. 20:24